

Priðjudaginn 14. janúar 1975.

Nr. 53/1974. **Frimúrarareglan á Íslandi**

(Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

og gagnsök

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson, og Magnús P. Torfason og prófessor Arnaljótur Björnsson.**

Fasteignaskattur. Lögtak. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. mars 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnafrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. mars 1974. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, þó þannig, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Akvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 felur í sér undantekningar frá þeirri meginreglu 3. gr. laganna, að leggja skuli skatt til sveitarfélaga á allar fasteignir. Ber að skýra það þröngt. Er eðlilegast að líta svo á, að hér sé átt við félagsheimili samkvæmt lögum nr. 107/1970. Getur húseign aðaláfrýjanda því ekki talist félagsheimili samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

**D ó m s o r ð :**

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

## S é r a t k v æ ð i

**Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og  
prófessors Arnljóts Björnssonar.**

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 eru undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 3. gr. laganna m. a. „félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni . . .“ Aðal-áfrýjandi hefur lýst yfir því, að húseign hans við Skúlagötu 53-55 í Reykjavík sé eingöngu notuð til funda- og samkomu- halds fyrir Frímúrararegluna og sem félagsheimili hennar. Aðeins í örfá skipti hafi húsið verið notað til annars, og þá án endurgjalds. Er þessu ekki andmælt af gagnáfrýjanda.

Framangreint undanþáguákvæði 1. mgr. 5. gr. er fortaks- laust, og verður ekki ráðið af orðum þess sjálfs eða greinar- gerð, er fylgdi frumvarpi til laga nr. 8/1972, að því hafi verið ætlað að taka til þeirra félagsheimila einna, sem greind eru í 1. gr. laga nr. 107/1970.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang lögtaks. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synj- að um framgang lögtaks.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur nið- ur.

### Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 8. febrúar 1974.

Gerðarbeiðandi máls þessa, Gjaldheimtan í Reykjavík, hefur gert þær réttarkröfur, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Frímúrarareglu Íslands, til tryggingar ógreiddum fasteignaskatti af eigninni Skúlagötu 53-55 fyrir árið 1973, að fjárhæð kr. 343.080 ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 171.540 frá 15. mars 1973 til 15. maí 1973 og af kr. 343.080 frá 15. maí 1973 til greiðsludags auk kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af gerðarpóla hálfu er framgangi umbeðinnar lögtaksgerðar mótmælt. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var lagt undir úrskurð að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór hinn 21. janúar þessa árs.

Það kemur fram í málinu, rskj. 11 og 12, að fasteignaskattur, lagður á fasteign gerðarpóla fyrir árið 1972, var felldur niður. Þá liggur fyrir í máli þessu sem rskj. 15 bréf borgarstjóra til gerðarpóla, dagsett 14. febrúar 1973, en þar er því lýst yfir, að Reykjavíkurborg muni framvegis leggja fasteignaskatt á eignina. Greinargerð fyrir þessari ákvörðun kemur fram í erindi svonefndrar sparnaðarnefndar Reykjavíkurborgar til borgarráðs, dags. 9. janúar 1973, rskj. 13.

Var síðan lagður fasteignaskattur á eignina Skúlagötu 53-55, og fékk Gjaldheimtan þennan skatt til innheimtu þann 28. febrúar 1973, sbr. ljósrít af gjaldheimtuspjaldi á rskj. 2. Gjald dagar voru dagana 15. mars og 15. maí 1973, og skyldu kr. 171.540 greiddast í hvort skipti. Er krafa gerðarbeiðanda um dráttarvexti í máli þessu í samræmi við þessa gjalddaga.

Með bréfi sínu, dags. 21. ágúst 1973, rskj. 6, kærði gerðarþoli þessa álagningu til yfirfasteignamatnefndar, og kvað nefndin upp úrskurð sinn þann 29. október s. á. Var úrskurðað, að gerðarpóla væri skylt að svara fasteignaskatti af eigninni.

Byggist úrskurður þessi á því, að til samkomuhúsa í skilningi 5. gr. laga 8/1972 og reglugerðar 320/1972 teljist aðeins þau húsa-kynni, sem standi almenningi opin til þess að njóta þar fræðslu, lista og skemmtunar á annan veg. En notkun fasteignarinnar Skúlagötu 53-55 fullnægi ekki nefndu skilyrði. Og til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verði aðeins talin þau samkomuhús, sem reist hafi verið og viðurkenningu hlotið með þeim hætti, sem getur í lögum 107/1970, 2. gr., 2. mgr. En fasteign þessi og notkun hennar fullnægi ekki þessu skilyrði.

Málflutningur gerðarbeiðanda vísar að mestu leyti til þeirra sjónarmiða, sem fram koma í þessum úrskurði, og er lögð á það megináhersla, að húseignin Skúlagata 53-55 sé ekki samkomuhús í þess orðs eiginlegri merkingu. Til þess þyrfti það að vera opið almenningi, en það sé aðeins opið meðlimum Frímúrarareglunnar og fari því fjarri, að hver og einn geti fengið inngöngu í þann félagsskap, t. d. geti konur ekki orðið reglumeðlimir. Um félagsheimili sé til hugtaksskilgreining í 1. gr. laga nr. 107/1970 og þar sé sama að segja: Húsakynnin verði að vera almenningi opin til þess að mega nefnast félagsheimili, og þar með geti þau ei notið

undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga 8/1972.

Af gerðarþola hálfu er skattálagning þessi talin í alla staði ólög-  
mæt. Á það er bent, að 5. gr. laga nr. 8/1972 nefni tvær undan-  
tekningar, sem hvor um sig nái yfir fasteignina Skúlagötu 53-55,  
þ. e. „félagsheimili“ og „samkomuhús“, sem sé ekki rekið í ágóða-  
skyni. Sú viðbót, að almenningur skuli eiga aðgang að þess konar  
húsakynnum, hafi aldrei átt við, og síst eins og nú sé háttáð  
lögum. Það sé óheimilt að leggja aðra merkingu í hin tilvitnuðu  
orð en lagatextinn segi beint til. Er vísað til forsögu nefndrar  
lagagreinar. Í lögum nr. 66/1921 hafi undanþága frá fasteigna-  
skatti aðeins náð til bygginga í opinberri eign eða forsjá, en und-  
anþágum hafi jafnt og þétt fjölgað í hér að lútandi lögum og séu  
nú mjög víðtækar. Er sérstaklega á það bent, að undanþegin séu  
nú orlofsheimili launþegasamtaka, en þar verði ekki talið, að um  
sé að ræða byggingar reknar til almenningsnota. Þá nefni 5. gr.  
einnig barnaheimili, og væri það útilokuð lögskýring að leggja  
á þau fasteignaskatt, þó að börn ákveðins hóps manna hefðu þar  
ein aðgang. Það verði þannig a. m. k. ekki lengur staðhæft, að  
allar fasteignir, sem samkvæmt 5. gr. laga þessara njóta undan-  
þágu, skuli að fullu standa almenningi opnar, en þær verði að  
vera reistar og reknar án ábatasjónarmiða. Það sé alveg ljóst, að  
rekstur fasteignarinnar Skúlagötu 53-55 geri hana að „samkomu-  
húsi“ og ekki sé stefnt að ágóða með þeim rekstri og sé með þessu  
fullnægt skilyrðum til undanþágu samkvæmt 5. gr. nefndra laga.  
Jafnframt þessu sé fasteign þessi félagsheimili Frímúrarareglunn-  
ar, eignin sé miðstöð og grundvöllur allrar aðalstarfsemi hennar  
og alger forsenda fyrir sjálfstæðri tilveru hennar. Er því um leið  
haldið fram, að lög um félagsheimili snerti ekki þá deilu, sem  
hér fari fram í fógetamálinu, því þessi lög fjalla um framlög hins  
opinbera til félagsheimila, og sé ekkert hægt að álykta frá ákvæð-  
um um skilyrði fyrir þeim framlögum til hins, að á eignir þessar  
skuli eða skuli ekki leggja fasteignaskatt.

Það er lögð áhersla á það í málflutningi gerðarþola, að enginn  
eigi að vísu heimtingu á inngöngu í regluna og hún reki ekki  
áróður til að afla meðlima, en menn geti orðið meðlimir án tillits  
til stjórnmalaskoðana og þjóðernis, enda sé bræðralag manna eitt  
af grundvallaratriðum reglunnar svo og önnur sjónarmið, sem  
stuðli að mannrækt, bæði þjóðfélagslega og siðferðilega skoðað.

Að því er varðar „félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru  
rekin í ágóðaskyni“, sbr. 5. gr. laga nr. 8/1972, verður að telja  
þessi húsakynni verði að standa almenningi opin til þess að mega

njóta undanþágu frá fasteignaskatti. Þessu er ekki svo varið um fasteignina nr. 53-55 við Skúlagötu. Þykir fasteignaskattur hafa verið réttilega lagður á þessa fasteign, en álagningin hefur ekki sætt tölulegum aðfinnslum. Verður hin umbeðna lögtaksgerð látin ná framgangi, svo sem hennar er krafist af gerðarbeiðanda hálfu.

Málskostnaður fellur niður í fógetamáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

**Því úrskurðast:**

Lögtak fer fram til tryggingar kr. 343.080 með 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 171.540 frá 15. mars 1973 til 15. maí s. á. og af kr. 343.080 frá þeim degi til greiðsludags og að auki til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð.

Málskostnaður fellur niður.

Priðjudaginn 14. janúar 1975.

Nr. 18/1972. **Eisenhandel Kremer**

(Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

**Verslanasambandinu h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.).

**Dómendur:**

**hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og prófessor Arnljótur Björnsson.**

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði í héraði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. febrúar 1972. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 115.369 með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 65.457 með